

Tillögur verkefnahóps um tónlist og listmenntun um hugsanlega samstarfsfleti á milli sveitarfélaga

Verkefnahópurinn hélt 4 fundi og vann á milli funda að upplýsingaöflun varðandi kennslukostnað, fjölda nemenda í sveitarfélögum og hvernig þeir skiptast á milli námsstiga, fjölda stöðugilda ofl.

Hópurinn kom sér saman um að fjalla eingöngu um tónlist því verið er að vinna að málum tengdum annarri listfræðslu innan hvers sveitarfélags eftir því sem aðstæður leyfa.

Farið var yfir alla umræðupunkta á verkefnablaði hópsins og menn sammála um að mörg af þeim atriðum sem þar eru nefnd hafði verið leyst með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um nemendur í framhaldsnámi í söng og hljóðfæraleik og miðnámsnemendur í söng. Helstu niðurstöður voru:

- Sameiginlegar reglur um greiðslur og aldur
 - Hvert sveitarfélag setur sér stefnu um aldur í samráði við tónlistarskóla sveitarfélagsins
 - Í stað aldursviðmiða væri hægt að auka möguleika á námskeiðum fyrir eldri nemendur sem vilja ekki endilega fara í nám sem fellur að aðalnámskrá tónlistarskóla
 - Kennslukostnaður í tónlistarskólum fer eftir aldri og menntun kennara í hverjum skóla fyrir sig
- Stefna um nám og markmið. Sjá nánar hér fyrir neðan í lista um hugsanlega samstarfsfleti.
- Samrekstur/samstarf á t.d. skólaskrifstofum, velferðasviðum, tónlistarskólum. Nýta sérþekkingu.
 - Skiptikennsla á milli sveitarfélaga. Nemendur gætu sótt hljóðfæra- og hóptíma í öðru sveitarfélagi t.d. ef fáir nemendur eru í náminu í heimasveitarfélaginu eða ef þeir eru á öðrum stað í náminu en samnemendur þeirra
 - Hagkvæmni fólgin í því að samnýta t.d. tónfræðagreinar, samspil eða hljómsveitarstarf á milli sveitarfélaga og sérþekkingu kennara sem kenna á hljóðfæri sem minni eftirspurn er eftir
- Flétta tónlistarnám betur inn í grunnskóla og leikskóla
 - Þetta er mislangt komið í sveitarfélögum
 - Þau sveitarfélög sem hafa þróað tónlistarkennslumódel sem hafa gefist vel miðli til annarra
 - Hljóðfæranám innan veggja grunnskólans er í samræmi við óskir foreldra og stefnu margra sveitarfélaga um heildstæðan skóladag

Hugmyndir um samstarf á milli sveitarfélaga á höfðuborgarsvæðinu

- Aðilar sem mynda framtíðarhóp um tónlist og listfræðslu verði samstarfshópur sem hittist tvisvar sinnum á ári til að fara yfir málefni tónlistarskóla og samstarfsfleti, og miðli því sem vel er gert
- Gagnabanki
 - Hægt væri að leigja og selja hljóðfæri í gegnum gagnabankann og skiptast á nótum s.s. hljómsveitarnótur
 - Hægt væri að lána / leigja / selja annan búnað, svo sem upptökutæki, myndbandsupptökuvélar og annan tæknibúnað.
 - Hægt væri að lána / leigja / selja sérkennslubúnað sem og ýmis kennslugögn, svo sem nótur á blindraletri osfrv!
- SSH vistar gagnabanka og kostar gerð hans
- Endurmenntun og námskeið fyrir tónlistarkennara
 - Sveitarfélögin komi að skipulagningu námskeiða í tengslum við endurmenntun tónlistarkennara í samstarfi við stjórnendur tónlistarskóla/skólahljómsveita
 - Árlega verði sameiginlegur námskeiðs/fræðsludagur fyrir tónlistarkennara
- Samnýta kannanir s.s. foreldrakönnun um gæði skólastarfs í tónlistarskólum/skólahljómsveitum, vinnustaðgreiningar ofl.
- Vinna sameiginlega að viðmiðum um árangurs- og námsframvindumarkmið í tónlistarskólum í samstarfi við tónlistarskóla/skólahljómsveitir